


NIDURSTÖÐUR RAFVEIDA Í
VESTURDALSA Í VOPNAFIRDI 1985 OG 1986

STEINGRÍMUR BENEDIKTSSON

EINTAK BÓKASAFNS

VMST-A/87003



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116
- INNG. FRÁ HLEMMI

PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK

SÍMI 91-621811

Egilsstöðum
maí 1987

VMST-A/87003

I. INNGANGUR:

Dagana 28.-29.7. árið 1985 og 7.-8.8. árið 1986 voru gerðar seiðakannanir, með rafveiðum, í Vesturdalsá í Vopnafirði.

Kannanir af þessu tagi hafa verið gerðar í öllum laxveiðiánum í Vopnafirði allt frá 1979. Tilgangur þeirra er annars vegar að athuga hvort unnt sé að segja til um veiðihorfur, fram í tímann, á grundvelli seiðaástands og hins vegar að reyna að komast að því hvað veldur hinum miklu sveiflum í veiði sem einkennt hafa laxveiði-ár í þessum landshluta undanfarin ár.

Árni Helgason fiskifræðingur sá um rafveiðarnar bæði árin, eins og hann hefur gert alveg frá 1982.

II. AÐFERDIR:

Rafveiðum hefur áður verið lýst (Árni Helgason, 1984), en árið 1986 voru notuð endurbætt tæki við rafveiðarnar. Tæki þessi vinna með um 600 V spennu, en hingað til hafa verið notuð 300 V tæki. Hugsanlega hefur þetta áhrif á niðurstöður á þann veg að blutfallslega veiðast fleiri seiði af hverjum árgangi í einni yfirferð á hverri stöð en áður. Þéttleiki seiða er þó svo lítill samkvæmt niðurstöðum bæði árin, að ég mun ekki gera tilraun til að taka þetta með í reikninginn, þar sem áhrifin eru líklega hverfandi.

Árið 1985 var rafveitt á fleiri stöðvum en áður tíðkaðist eða 13 alls, en árið 1986 var farið á 8 stöðvar. Bæði árin var látið nægja að fara eina yfirferð með rafveiðitækinu á hverri stöð.

III. NIÐURSTÖÐUR:

Niðurstöður eru settar fram á 1., 2. og 3. mynd. Frumgögn úr rafveiðunum má sjá í sérstökum viðauka aftast.

Á 1. mynd má sjá að árið 1985 er sáralítið af laxaseiðum í Vesturdalsá og ekki vottar fyrir eins- eða þriggja ára seiðum.

Ástandið 1986 er svo eðlilegt framhald þess sem fannst 1985. Lítið finnst af seiðum frá '84 og eldri, en klak hefur tekist þokkalega 1985 og líkur benda til að sama gildi 1986.

Öll afkoma þeirra seiða sem eru í ánni virðist með besta móti bæði árin.

IV. ÁLYKTANIR:

Niðurstöður rafveiða 1985 og 1986 benda til að veiðibata þeim sem hófst 1985 sé nú u.þ.b. að ljúka.

Horfur eru á að smálaxagangan sumarið 1987 verði lítil samanborið við veiðitímabilin tvö þar á undan. Stórlexaganga verður þokkaleg svo að ef við kennum vatnsskortum um hve illa veiddist í Vesturdalsá 1986, þá er ekki víst að heildarveiði minnki milli þessara tveggja ára. Hins vegar eru horfur á samdrætti í veiði næstu ár þar á eftir.

V. UMRÆÐUR:

Árin 1981 - 1984 var laxveiði í Vesturdalsá í mikilli lægð. 1985 glæddist veiði og sá bati hélst 1986. Raunar var Vesturdalsá sú eina af Vopnafjarðaránum þar sem veiði minnkaði á milli þessara ára. Eðlilegasta skýringin á því er vatnsleysi þar sem 1986 var mikið þurrkasumar. Fleira styður að göngur hafi verið meiri en veiði gefur til kynna, þar sem veiðimenn sögðu að áin væri full af fiski, um það leyti sem rafveitt var.

Ljóst virðist að þessar göngur megi rekja til aukinnar gönguseiðaframleiðslu árinna 1984 og 1985. Á 1. mynd hef ég teki saman allar rafveiðiniðurstöður úr Vesturdalsá sem fyrir liggja. Oftast er rafveitt seint að sumri, eftir að gönguseiði hvers árs eru farin til sjávar. Til að sjá gönguseiði ákveðið ár verður því að skoða rafveiðiniðurstöður ársins á undan. Til að meta hvaða seiði standa að baki gönguseiðaframleiðslu 1984 og 1985,

verður því að líta á myndir fyrir 1983 og 1984, á l. mynd.

Lítum fyrst á niðurstöður 1983. Ekki er unnt að sjá að neinn ákveðinn aldurshópur ætli að ganga til hafs næsta sumar, heldur eru þau seiði sem líkleg eru (um og yfir 10 cm löng) blanda tveggja til þriggja árganga. Hér er ástæða til að taka fram að rafveiðar 1984 voru með nokkuð sérstökum hætti. Í stað þess að rafveiða einu sinni í ánni, var farið fjórum sinnum í hana þetta sumar á mismunandi tímum og fáar stöðvar teknar í hvert skipti. Fyrst var rafveitt þ. 6. júní og veiddust þá nokkur seiði í göngubúningi. Þessi seiði reyndust vera fjögurra ára, þ.e. af '80 árgangi. Með tilliti til þessa og þess að árið 1982 veiddist mikið af seiðum af þessum árgangi, sýnist mér ástæða til að ætla að styrkur hans hafi verið vanmetinn nokkuð í rafveiðum 1983 og seiði af '80 árgangi hafi verið uppistaðan í gönguseiðum ársins 1984.

Myndin fyrir 1984 er skýrari. Að vísu liggur aðeins afli af þremur stöðvum að baki þessari mynd svo að hún er ekki mjög ábyggileg hvað varðar þéttleikann (þ.e. hæð súlnana). Hvað aldurssamsetningu seiðana varðar er þessi mynd í samræmi við það sem fékkst í hin skiptin sem rafveitt var í ánni þetta sumar. Út frá því má ætla að gönguseiði 1985 hafi flest verið fjögurra ára eða af '81 árgangi.

Förum nú enn aftur í tímann og skoðum sögu þessara tveggja árganga (þ.e. frá '80 og '81), með hliðsjón af l. mynd.

'80 árgangurinn virkar sterkur öll árin sem hann veiðist, nema helst 1983, en það hefur verið skýrt. '81 árgangurinn virðist hins vegar ekki sterkur í upphafi en afkoma hans er góð og afföll lítil á milli ára. Það vekur athygli að þessir árgangar eru ríkjandi í rafveiðiafla þau árin sem þeir eru að alast upp þ.e. frá '82-'84. Með öðrum orðum tekst nýliðun illa öll þessi ár og þess vegna fylgja engir góðir árgangar í kjölfar þessara tveggja. Afleiðing þess kemur fram í rafveiðum 1985. Snemma það sumarið hefur '81

árgangurinn líklega gengið til hafs, jafnvel hafa seiðin frá 1982 farið með og þess vegna veiðast engin þriggja ára 1985. Þegar '81 árgangurinn er horfinn úr ánni eru eftir í ánni seiði af áður nefndum lélegu árgöngum frá '82 - '84. Þau eiga að standa undir gönguseiðaframleiðslu áráanna '86 - '88 eða þar um bil. Horfur varðandi veiði eru því dökkar þau árin sem þessi seiði verða að skila sér.

Þar sem gönguseiðaframleiðslan dregst saman strax sumarið 1986 má eiga von á að það hafi áhrif þegar sumarið 1987 eins og sagði í kaflanum um ályktanir. Þar sem Vesturdalsá náði ekki sama veiðitoppi og hinar Vopnafjarðarárarnar er ekki víst að samdrátturinn komi fram í veiðitölum fyrr en 1988, af því að stórlaxagöngur verða líklega góðar sumarið 1987. Gönguseiði sumarsins 1986 eiga að skila sér sem smálax 1987 og stórlax 1988 og því kemur lægð í veiðina fram þá. Það ástand ríkir svo a.m.k. fram til þess er '85 árgangurinn lætur til sín taka í veiði en það verður vart að ráði fyrir 1990. Framhaldið veltur því á afkomu þess árgangs í ánni.

Ýmsir þættir geta haft áhrif á þá spá um veiði sem hér er sett fram. Ég vil sérstaklega nefna tvennt.

Í fyrsta lagi er öruggt að þegar seiðum fækkar í ánni þá batnar afkoma þeirra seiða sem eftir verða og koma í staðinn. Samkeppni minnkar um fæðu og pláss og það leiðir til meiri vaxtar og minni affalla hjá seiðum. Þetta sést glöggst á l. mynd t.d. á árinu '86. Meðalstærð seiða er þar meiri en áður hefur sést í rafveiðum í Vesturdalsá. Þetta leiðir til þess að sjógöngualdur lækkar að meðaltali.

Í öðru lagi hefur ástand sjávar verið gott undanfarin ár og er það enn. Afkoma seiðanna þegar þau koma út í sjó ætti því að vera góð. Sjór var kaldur hér úti fyrir á árunum '81 - '83, en hlýnaði svo. Eflaust hefur þetta haft sitt að segja um veiðibatann '85 og '86. T.d má benda á að samkvæmt l. mynd eru horfur í gönguseiða-

framleiðslu fyrir árið 1981 góðar ef dæma má af rafveiðigögnum frá 1980. Það getur að vísu verið að þessi seiði hafi farist í ánni um veturinn þarna á milli, en þó verður að teljast líklegt að nokkuð af þeim hafi gengið til sjávar. Þau hefðu átt að koma fram sem smálax í veiðinni 1982, en það ár veiddust fáir laxar í Vesturdalsá og auk þess var þetta stórlaxaár. Líkur benda til að þessi gönguseiði hafi farist í hafi.

Vegna þessara og annarra óvissupáttta er erfitt að spá því nákvæmlega hve alvarleg væntanleg lægð í veiði verður og einnig hvað lengi hún mun standa.

Á 2. og 3. mynd sést hvernig aflaðist á einstökum stöðvum bæði árin. Um 2. mynd er lítið að segja en á 3. mynd kemur fram að eins árs seiði veiðast aðeins í neðri hluta árinna. Svona misdreifing á hrygningu er oft skýrð með því að vísa til þess að viðkomandi seiði séu úr hrygningum á árum þegar göngur voru litlar. Þessi seiði eru úr hrygningu haustið 1984 svo að sú skýring gæti átt hér við. Ef lítið er á dreifingu árgangsins frá 1983 á báðum myndunum sést hins vegar að þessi skýringar vart eingild. Þau seiði eru úr hrygningu haustið 1982 og göngur þá hafa vart verið mikið meiri en 1984. '83 árgangurinn virðist mjög jafnt dreifður um alla á og vekur það vonir um að ef til vill sé hann öflugri en fram kemur í rafveiðunum.

VI. VESTURDALSÁ MILLI FOSSA:

Eftir að rafveiðum lauk árið 1986, var gengið upp á milli fossa til að athuga hvort þar sæist lax.

Það hefur verið hald manna að neðri fossinn í Vesturdalsá gæti verið gönguhindrun (Árni Helgason, 1982), sérstaklega ef lítið væri í ánni.

Mikið líf var undir neðri fossinum. Lax sást reyna að stökkva hann og bleikjur fóru upp hann. Á svæðinu á milli fossa sást nokkuð

af laxi og bleikju og undir efri fossinum lágu a.m.k. 20 laxar. Samkvæmt þessu þarf einungis að eiga við efri fossinn til að opna laxi leið á þann hluta Vesturdalsár sem er ófiskgengur.

Áður hafa verið gerðar tilraunir með seiðasleppingum á þessu svæði (Árni Helgason, 1982) og ef dæma má af þeim þá eru góð skilyrði fyrir laxaseiði á þessu svæði. Það er því sjálfsagt að rannsaka þennan möguleika betur sem fyrst.









Heimildir:

Árni Helgason, 1982: Vesturdalsá í Vopnafirði. VAUST/82o4.

Árni Helgason, 1984: Athuganir í Vesturdalsá í Vopnafirði


29. ágúst til 31. ágúst 1983. VAUST/84o4.

1. mynd. Niðurstöður úr rafveiðum í Vesturdalsá fyrir árin 1979 - 1986. Á hverri mynd eru sýnd þau seiði sem veiddust í l. yfirferð á öllum stöðvum. Fjöldi er umreiknaður miðað við 100 m² (sjá líka 2. m.).




2. mynd. Lengdardreifing og umreiknaður fjöldi laxaseiða sem veiddust á hverri stöð í Vesturdalsá 1985. Við umreikning á fjölda er miðað við að hver stöð hafi verið 100 m². Aldursskipting er táknuð með línunum yfir þeim lengdarbilum þar sem búast má við að finna flest seiði af viðkomandi árgöngum.


Staðsetning og stærð stöðva sést til hliðar við myndirnar.




3. mynd. Sama og á 2. mynd, fyrir 1986.




Við beitarhús hjá
Ljótssstöðum.
414 m²




500 m neðan við brú
hjá Ytrihlíð
360 m²




Brot neðan við Eld-
húshyl.
380 m²




50 m ofan við Urðar-
stökk.
375 m²



Við brú hjá Fremri-
hlíð.
525 m²



500 m ofan við Fremri-
hlíð.
363 m²



200 m n. v.
Hauksstaðabrú
360 m²




Vað við Hauksstaði.
345 m²


VIÐAUKI
frumgögn

mynd.	bls.
1a. lax '85.....	11
1b. bleikja '85.....	12
2a. lax '86.....	13
2b. bleikja '86.....	14


1a. Laxaseiði í rafveiðiafla í Vesturdalsá 1985. Til hliðar eru niðurstöður aldursgreininga. Höð stöðva sbr. 2. mynd.



1b. Bleikjuseiði í rafveiðiafla úr Vesturdalsá 1985. Til hliðar eru niðurstöður aldursgreininga. Röð stöðva sbr. 2. mynd.




2a. Laxaseiði í rafveiðiafla úr Vesturdalsá 1986. Til hlíðar eru niður-
stöður aldursgreininga. Röð stöðva sbr. 3. mynd.






2b. Bleikjuseiði í rafveiðiafla úr Vesturdalsá 1986. Til hliðar sjást niðurstöður aldursgreininga. Röð stöðva sbr. 3. mynd.


ALDURSGREININGAR	
lengd cm	aldur



5,2	0+
7,8	1+
9,5	1+



8,2	1+
9,5	1+
12,8	3+



7,8	1+
8,9	1+

